

Minnisblað

Viðtakandi: [bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefnd]

Efni: Börnin okkar - staða aðgerða á ábyrgð fræðslu- og frístundasviðs

Dags: 5. maí 2025

Málsnúmer: 202411382/10.0

Sendandi: Ólöf Kristín Sívertsen, sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Forsaga:

Stutt kynning á stöðu aðgerða á ábyrgð fræðslu- og frístundasviðs í aðgerðaáætlunni Börnin okkar.

Greinargerð:

Aðgerðaáætlunin Börnin okkar samanstendur af alls 27 aðgerðum og er meirihluti þeirra á ábyrgð fræðslu- og frístundasviðs. Aðgerðirnar eru mismunandi umfangsmiklar eða allt frá því að hækka frístundastyrk og upp í að vinna Samskiptasáttmála í Mosfellsbæ.

Hér verður greint frá stóru línunum og þeim verkefnum sem eru í fullum gangi núna:

- **Námskeiðahald fyrir foreldra** – verið er að leggja lokahönd á fræðsluáætlun fyrir foreldra. Fyrsta almenna námskeiðinu fyrir leikskólaforeldra *Ertu að tengja?*, sem fjallar um tengsl foreldra og barna, lýkur 7. maí (tveggja kvöld námskeið) en fullbókað var á námskeiðið. Fleiri námskeið eru fyrirhuguð.
- **Samskiptasáttmáli** – vinna er farin af stað, búið er að skipa stýrihóp og ritstjórn. Markmið sáttmálans er m.a. að efla samstarf heimila og skóla og mun sáttmálinn ná til barna, nemenda, starfsfólks og foreldra í leikskólum, grunnskólum, frístundum, félagsmiðstöðinni og íþróttafélögum. Ágúst Frímann Jakobsson, leiðtogi málefna grunnskóla, fer með verkefnisstjórn og er Vanda Sigurgeirsdóttir okkur til ráðgjafar. Vanda mun m.a. stýra vinnu á opnum fundi með foreldrum í Hlégarði þann 20. maí nk.
- **Efling foreldrasamstarfs** – fundað hefur verið reglulega með stjórn SAMMOS í vetur og koma þau m.a. að opnum fundi með foreldrum í Hlégarði 20. maí nk.
- **Aukin ráðgjöf sálfræðinga** – fer af stað núna í maí í skólum með unglिंगastig, þ.e. Helgafellsskóla, Lágafellsskóla og Kvíslarskóla. Helgi Þór Harðarson mun verða í Helgafellsskóla á þriðjudögum kl. 09:00-11:00 (hefst 13. maí) og Kvíslarskóla á fimmtudögum kl. 09:00-11:00 (hefst 8. maí). Daðey Albertsdóttir verður í Lágafellsskóla á fimmtudögum kl. 09:00-11:00 (hefst 15. maí). Bréf með þessum upplýsingum verður sent til allra foreldra unglिंगa og auk þess munu þau Helgi og Daðey fara í alla bekkir á unglिंगastigi til að kynna þjónustuna áður en hún hefst.

Virðingarfyllt,
Ólöf Kristín Sívertsen